

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 11. september 2009

Skyldur atvinnulífsins

Erlendur Hjaltason, formaður Viðskiptaráðs, ritaði eftirfarandi grein í Viðskiptablaðið í vikunni:

Á undanförunum mánuðum og misserum hefur íslenskt atvinnulíf legið undir gagnrýni og ljóst má vera að í of mörgum tilvikum er hún verðskulduð. Fjölmörg mistök hafa verið gerð. Þau þarf að viðurkenna og af þeim þarf að læra. Tryggja þarf að viðhorf um mikilvægi góðra stjórnarháttá og viðskiptasiðferðis verði ríkjandi til framtíðar í íslensku atvinnulífi. Í því felst að eigendur og stjórnendur fyrirtækja uppfylli undantekningarlaust lagalegar skyldur, hafi heilbriggt siðferði ávallt að leiðarljósi og beri hag hluthafa, starfsfólks og samfélags fyrir brjósti. Fagleg vinnubrögð og gegnsætt eignarhald eru lykilatriði.

Í kjölfar þess að íslenska bankakerfið hrundi hefur almennt traust fólks á viðskiptalífi landsmanna beðið mikinn hnekki. Skortur á trausti og trúverðugleika hefur staðið uppbyggingarstarfi fyrir þrifum og því er forgangsmál að ráða þar bót á. Vantraust sem þetta kemur í veg fyrir skjóta og skilvirka úrvinnslu á veigamiklum málum og getur því tafið efnahagslegan bata. Til þess að ráða bót á þessum vanda þarf samhent átak stjórnvalda, atvinnulífs, fjölmiðla og fólksins í landinu. Í þeirri vinnu ættu heiðarleiki, gegnsæi, upplýsingagjöf og samvinna að vera í öndvegi. [Lesu áfram ...](#)

Kynningarfundir - leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja

Viðskiptaráð, í samvinnu við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX Ísland, mun standa fyrir kynningarfundum í september á nýjum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Um er að ræða stutta fundi á tímum sem henta stjórnendum og starfsmönnum viðkomandi aðildarfélags ráðsins. Farið verður yfir efnistösk nýju leiðbeininganna, spurningum svarað og leitast verður við að gefa félögum ráð varðandi innleiðingu þeirra.

Kynningarfundirnir eru hluti af aukinni áherslu Viðskiptaráðs, SA og Kauphallarinnar á að íslensk fyrirtæki tileinki sér viðmið og leiðbeiningar um góða stjórnarhætti. Það er samhljóma álit þessara samstarfsaðila að almenn innleiðing leiðbeininga um góða stjórnarhættir sé eitt af mörgum mikilvægum skrefum í átt að endurreisn íslensks viðskipta- og efnahagslífs.

Félagar geta óskað eftir kynningarfundum fyrir sitt fyrirtæki með því að hafa samband við Harald I. Birgisson, lögfræðing Viðskiptaráðs, með tölvupósti á haraldur@vi.is eða í síma 510-7109, einnig Hörð Vilberg hjá SA, hordur@sa.is eða í síma 591-0005.

Miðað er við að fundirnir verði haldnir í húsakynnum ráðsins, félögum að kostnaðarlausu.

Nýjar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja eru aðgengilegar [hér](#).

Virk samkeppni hraðar efnahagsbata

Þetta er ein niðurstaða sameiginlegrar skýrslu Norrænu samkeppniseftirlitanna sem kynnt var í gær, en árlegur fundur þeirra stendur nú yfir. Í skýrslunni leggja forstjórar samkeppniseftirlitanna áherslu á nauðsyn alþjóðlegrar samkeppnishæfni Norðurlandanna, sem tiltölulega lítil og opin hagkerfi, til að vernda og viðhalda velferðarkerfi þeirra.

Þá fjallar skýrslan jafnframt um aukin inngrip af hálfu hins opinbera í atvinnulífið, sem oft vilja verða við efnahagsaðstæður sem nú ríkja, og neikvæð áhrif þeirra á samkeppni. Samkeppniseftirlitin ítreka þannig mikilvægi þess að eignarhlutar hins opinbera, sem til eru komnir vegna slíkra inngripa, séu seldir aftur til einkaaðila þegar aðstæður leyfa og að í inngripum sem þessum felist ávallt greið útgönguleið fyrir hið opinbera. Er þetta í samræmi við eina af mörgum áherslum síðasta Viðskiptaþings Viðskiptaráðs þar sem ráðið fjallaði m.a. um nauðsyn þess að stjórnvöld skilgreini á ný hver hagkvæmasta verkaskipting ríkis og einkaaðila verði í komandi framtíð.

Skýrslu Norrænu samkeppniseftirlitanna má nálgast [hér](#).

Skýrslu síðasta Viðskiptaþings má nálgast [hér](#).

LÍN: gott fordæmi frekari aðgerða

Fyrir í vikunni samþykkti ríkisstjórnin tillögu félags- og tryggingamálaráðherra og menntamálaráðherra um breytingar á fyrirkomulagi í námslána- og atvinnuleysistryggingakerfinu. Breytingarnar á námslánakerfinu felast m.a. í hækkun á grunnframfærslu og breytingum á tekjuskerðingarhlutfalli og frítekjumarki. Samhliða þessum aðgerðum hafa skorður námsmanna gagnvart atvinnuleysisbótum verið þrengdar, m.a. með minni möguleikum á námssókn samhliða töku atvinnuleysisbóta, afnámi réttinda námsmanna til töku atvinnuleysisbóta í sumarleyfi og hertu eftirliti.

Viðskiptaráð fagnar aðgerðum sem þessum þar sem skapandi umbætur leiða til aukins hvata og bættrar aðstöðu til námssóknar, án verulegs kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Á tímum þar sem mikið atvinnuleysi ríkir er mikilvægt að hlúa vel að menntun til að ekki dragi úr samkeppnishæfni innlands mannauðs. Auk þess er líklegt að slíkar aðgerðir dragi úr mögulegum landflótta, en neikvæð þróun í þeim efnum getur

haft afar slæmar langtímaafleiðingar. Einnig er mikilvægt að ekki myndist skarð á milli þeirra kjara sem námsmenn búa við og þeirra sem þiggja atvinnuleysisbætur. Um leið er ljóst að verulega þarf að draga úr ríkisútgjöldum og því ekki mikið svigrúm til aukinnar þjónustu í menntamálum án þess að fórnir eða hagræðing eigi sér stað í öðrum málaflokkum.

Á komandi árum verður ekki komist hjá víðtækri uppstokkun innan velferðarkerfisins. Þá ríður á að beitt sé skapandi lausnum með heilðræna langtímahagsmunum í huga. Sú stefnumörkun sem ofangreindar aðgerðir endurspeglar er í takt við slíka aðferðarfræði og því vonandi vísir að því sem koma skal á fleiri sviðum.

Þjartsýni í vikulok

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu, stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Hér er eingöngu um stutta samantekt að ræða, sem eingöngu hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hérlendis og erlendis er margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- **Fjárfestingarsjóður Íslands virðist vera að komast á laggirnar**, en sjóðurinn með fjölda lífeyrissjóða að baki sér mun án efa vera eitt hryggjarstykki í endurreisn íslensks atvinnulífs.
- **Erlendir aðilar fjárfesta í auknum mæli í löngum ríkisskuldabréfum** sem getur gefið til kynna aukna tiltrú þeirra á horfum íslenska hagkerfisins.
- **Hrein skuldastaða ríkissjóðs verður talsvert undir meðaltali OECD undir lok þessa árs** ef spár stofnunarinnar ganga eftir.
- **Innlendur skuldabréfamarkaður heldur áfram að dafna** en velta með skuldabréf hefur verið talsverð undanfarnar vikur.
- **Botninum í fjármálakreppunni er náð og vísbendingar eru um skjótari efnahagsbata en spár gerðu ráð fyrir** að mati Dominique Strauss-Kahn forstjóra AGS.
- **Norðurál hefur samið við erlenda banka um fjármögnun álversins í Helguvík** og allt kapp er lagt á að framkvæmdir hefjist fljótlega við framkvæmdina með tilheyrandi atvinnusköpun.
- **FIH bankinn hélt lánshæfiseinkunn sinni, einn fárra danskra banka**, hjá lánshæfisfyrirtækinu Moody's, en bankinn er í eigu íslenska ríkisins.
- **Hægt hefur talsvert á samdrætti í eftirspurn eftir vinnuafli hérlendis** ef litið er til fjölda starfsauglýsinga í blöðum, en þetta kom fram á ráðstefnu Capacent um vinnumarkaðinn.
- **Norskir fjárfestar hafa í hyggju töluverðar fjárfestingar hér á landi** og bætast þeir í hóp annarra erlendra aðila sem hafa sýnt íslensku atvinnulífi áhuga að undanfögnu.
- **Metfjöldi ferðamanna sótti Ísland heim í ágúst** skv. tölum Ferðamálastofu.
- **Fullmótaðar tillögur að lausn á skuldavanda heimila eru væntanlegar um mánaðarmótin** skv. viðskiptaráðherra, en þrjú ráðuneyti vinna nú að gerð þeirra.

- **Atvinnuleysi dróst saman um 2,7% að meðaltali frá því í júlí** skv. nýjum tölum Vinnuálastofnunar, en stofnunin telur líkur á að atvinnuleysi minnki einnig í september.
- **Skuldatryggingarálag á ríkissjóð heldur áfram að lækka** og stendur álagið í rétt rúmum 415 punktum eins og er, sem er u.þ.b. 10 punkta lækkun frá því fyrir tveimur vikum.
- **Íslenskt lambakjöt slær í gegn í Japan**, en útflutningur á um 100 tonnum af lambakjöti er í kortunum hjá Kjötafurðarstöð KS.

Góða helgi.